

## Úr reglum um stuðningsfjölskyldur

*Félagsþjónusturnar skulu leitast við að velja stuðningsfjölskyldur sem hafa haldgóða þekkingu og reynslu af starfi með fólki með fötlun.*

*Stuðningsforeldri skal hafa náð 20 ára aldri sé um ákvörðun vegna eins barns að ræða.*

*Skilyrði fyrir leyfisveitingu stuðningsfjölskyldu er að umsækjandi hafi náð 23 ára aldri.*

*Ef um hjón og sambýlisfólk er að ræða þá skulu þau sækja um saman.*

*Félagsþjónusturnar skulu leitast við að veita stuðningsfjölskyldum fræðslu sem nýtist þeim í starfi.*

Frekari upplýsinga er að finna í verklagsreglum Þjónusturáðs Suðurlands vegna þjónustu stuðningsfjölskyldna.

Reglurnar ásamt umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Skóla- og velferðarþjónustunnar.

## UM GREIÐSLUR

Stuðningsfjölskyldan skilar vinnuskýrslu til félagsþjónustunnar þremur virkum dögum fyrir lok mánaðar.

Um er að ræða verktakagreiðslur sem eru skattskyldar tekjur. Heimilt er að færa til frádráttar beinan kostnað s.s vegna fæðis, föndurvara, viðhalds ofl.

Ítarlegri leiðbeiningar er að finna á heimasíðu Ríkisskattstjóra <https://www3.rsk.is/frodi/?cat=343&id=5112&k=7>

Skóla- og velferðarþjónusta  
Arnesþings

Hafnarbergi 1. 815 Þorlákshöfn.

Sími: 480-3800

Sunnumörk 2. 810 Hveragerði.

Sími: 483-4000

Laugarási.

Sími: 480-1180

Heimasíða: [www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is)

## HVAÐ ER STUÐNINGSFJÖLSKYLDA?



**STUÐNINGSFJÖLSKYLDA  
HEFUR REGLULEGA Í  
UMSJÁ SINNI BARN MEÐ  
FÖTLUN**

**STUÐNINGSFJÖLSKYLDA  
VEITIR BARNINU  
TILBREYTINGU**

**STUÐNINGSFJÖLSKYLDA  
VEITIR BARNINU AUKIN  
FÉLAGSLEG TENGSL**

## Samningur

Tvær leiðir eru til að gerast stuðningsfjölskylda. Annars vegar að leyfi sé veitt til að gerast stuðningsfjölskylda eða að tekin er ákvörðun hverju sinni um að gera samning við fjölskyldu um að veita þjónustu við tiltekið barn.

Gerður er samningur við stuðningsfjölskylduna um þann tíma-/ sólahringarfjölda sem barnið dvelur hjá henni.

Upphæð greiðslna ákvarðast af fötlunarflokki barnsins samkvæmt ákvörðunum Tryggingastofnunar ríkisins.

Samningar um þjónustu stuðningsfjölskyldu eru endurnýjaðir á 12 mánaða fresti. Greitt er fyrir 11 mánuði af 12 á almanaksárinu, nema kveðið sé á um skemmri gildistíma í samningi.

Sótt er um hjá velferðarþjónustu sveitarfélagsins um að gerast stuðningsfjölskylda.

## Hlutverk

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að annast barn með fötlun í skamman tíma til að draga úr álagi á fjölskyldu þess, veita barninu tilbreytingu og stuðning auk þess að gefa því kost á auknum félagslegum tengslum.

Stuðningsfjölskyldan býður barninu að dvelja á heimili sínu sem og að taka þátt í daglegu heimilislífi hennar.

Stuðningsfjölskylda og forráðamenn barnsins eru bundnir þagnarskyldu.



## Viðmót

Stuðningsfjölskyldan annast barnið af umhyggju, sér því fyrir næringu, hreinlæti og hvíld og verður við sérstökum þörfum þess vegna fötlunar og/eða sjúkdóms.

Stuðningsfjölskyldan mætir barninu af virðingu, veitir því félagslegan og tilfinningalegan stuðning og skipuleggur með því fjölbreytta afþreyingu sem hæfir aldri þess og þroska.

Farsælt samstarf stuðningsfjölskyldu og foreldra barns með fötlun einkennist af gagnkvæmri virðingu, jákvæðum og heiðarlegum samskiptum og trúnaði.